

Kæru forráðamenn.

Nú stýttist í skólabyrjun og undirbúningur skólastarfsins er í fullum gangi. Hér koma nokkrar gagnlegar upplýsingar sem eflaust brenna á mörgum í upphafi skólaársins.

Breytingar á skólaárinu 2016-2017

Á skólaárinu 2016-2017 verða breytingar á stundaskrár nemenda á yngra- og miðstigi. Allir nemendur skólans hefja nám kl. 8:15 á morgnana eins og verið hefur en breytingar verða á lokum skóladagsins. Skóladegi nemenda lýkur á eftirfarandi tímum:

Nemendur á yngsta stigi (1.-4. bekkur) ljúka skóladeginum kl. 13:30

Nemendur á miðstigi (5.-7. bekkur) ljúka skóladegi kl. 13:50.

Frímínútur fyrir og/eða eftir hádegismat verða stytta um 10 mínútur. Breyting verður á útivist og frímínútum hjá nemendum. Útivist verður nú á morgnana en þá eiga allir nemendur að fara út í 20 mínútur. Frímínútur verða færðar að nýju fyrir eða eftir hádegismat eftir skólastigum en þá hafa nemendur val um að vera inni í rólegum leikjum eða úti í frímínútum eftir því sem þeir kjósa. Breytingin er færð til fyrra horfs að ósk nemenda Sjálandsskóla. Þá verða breytingar á miðstigi með þeim hætti að kennarar á því skólastigi munu faggreinakenna tungumál, íslensku og stærðfræði á öllu stiginu.

Breytingar á stundatöflum og frímínútum hafa ekki í för með sér breytingu á tímamagni nemenda á yngsta stigi sem verður áfram 32,5 kennslustundir á viku. Hins vegar lengist tímamagn nemenda á miðstigi í 35,5 kennslustundir á viku í samræmi við viðmið Aðalanámskrár grunnskóla. Nemendur verða yfir daginn ýmist í 40 eða 60 mínútna kennslustundum.

Tilgangur breytinganna er fyrst og fremst til að auka gæði skólastarfsins, mæta óskum nemenda um breytingu á frímínútum og útivist og auka kennslumagn nemenda á miðstigi.

Kynningarfundir nýnema og forráðamanna

Allir **nýir nemendur** Sjálandsskóla og forráðamenn þeirra eru boðaðir á kynningarfundum en þeir verða haldnir fimmtudaginn 18. ágúst á eftirfarandi tímum:

- 1. - 4. bekkur kl.16:30
- 5.-7. bekkur kl.17:15
- 8. - 10. bekkur kl.18:00.

Í Sjálalandskóla er hefð fyrir því að skólabyrjun hefjist með foreldra- og nemendaviðtölum þar sem nemendur og forráðamenn þeirra eiga stuttan fund með sínum umsjónarkennara. Fundirnir verða haldnir þriðjudaginn 23. ágúst en kennsla hefst samkvæmt stundaskrá miðvikudaginn 24. ágúst.

Umsjónarkennarar munu hafa samband við forráðamenn á tímabilinu 17. – 19. ágúst og boða í viðtölin. Skóladagatal fyrir skólaárið, upplýsingar um innkaupalista ásamt hagnýtum upplýsingum má finna á heimasíðu Sjálalandskóla.

Skólamatur

Hægt er að kaupa mat fyrir nemendur hjá [skolamat.is](http://www.skolamat.is). Forráðamenn velja hvort þeir kaupa einn eða fleiri daga. Hægt er að finna upplýsingar um verð á hádegismat á heimasíðu skólamatar <http://www.skolamat.is/verdskra/verdskra-gardabaer>. Skráning fer fram eins og áður segir hjá Skólamat en þeir munu senda upplýsingar til foreldra í lok vikunnar. Skólamatur verður í boði frá og með fyrsta skóladegi ársins þ.e. 24.ágúst.

Mjólkuráskrift

Í vetur verður borið fram vatn með hádegismatnum og mjólkuráskrift þar með hætt.

Frístundabíll

Frístundabíllinn hefur það hlutverk að keyra börn frá tómstundaheimilum grunnskóla í íþrótt- og tómstundastarf. Bíllinn ekur virka daga kl. 14:15-17:30 og fer fram og til baka á hverjum 30 mínútum. Skráning í frístundabíllinn er á íbúavefnum Mínun Garðabæ <https://minn.gardabaer.is/login.aspx?ReturnUrl=%2fdefault.aspx>. Þar er hægt að kaupa kort, fylla á eldri kort og fá nánari upplýsingar um verð.

Hlökkum til samstarfsins í vetur.

Með kærri kveðju,

Edda Björg Sigurðardóttir skólastjóri og Sesselja Þóra Gunnarsdóttir aðstoðarskólastjóri